

**13. fundur Félagsmálanefndar
haldinn Aðalstræti 63, Patreksfirði, þriðjudaginn 26. mars 2013 og hófst
hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Puríður G. Ingimundardóttir (PGI) Formaður, Elísabet Kjartansdóttir
Varaformaður, Heba Harðardóttir Aðalmaður, Nanna Lilja Sveinbjörnsdóttir
Aðalmaður, Elsa Reimarsdóttir Embættismaður, Davíð Rúnar Gunnarsson Sér
fundargögn og Arnheiður Jónsdóttir (AJ).

Fundargerð ritaði: Elsa Reimarsdóttir, Félagsmálastjóri

Dagskrá:

1. 1303083 - Síðasta fundargerð félagsmálanefndar lesin upp.

**2. 1303084 - NPA kynning, félagsleg heimaþjónusta og heilsueflandi
heimsóknir**

NPA kynning

Formaður félagsmálanefndar býður Arnheiði velkomna til starfa.

Arnheiður Jónsdóttir verkefnastjóri Byggðasamlags Vestfjarða (BsVest) kynnti nánar hvað felst í "Notendastýrðri persónulegri aðstoð" (NPA). Drög að reglum um NPA eru í mótun hjá BsVest. Misjafnt er hvaða viðmið önnur byggðarsamlög eða sveitarfélög hafa sett m.a. varðandi aldursviðmið og fötlunarflokk. Félagsþjónustur á þjónustusvæði BsVest hafa kynnt NPA fyrir fötluðu fólki á sínum svæðum.

Kynning á NPA mun standa bæjarfulltrúum til boða eins fljótt og auðið er.

Félagsleg heimaþjónusta

Arnheiður kynnr hugmyndir félagsþjónustunnar um nýja þjónustu. Íbúum 80 ára og eldri verður boðið upp á heimsókn þar sem kynnt verður sú þjónusta sem fólki stendur til boða á vegum sveitarfélagsins og annarra aðila í sveitarfélaginu.

Heilsueflandi forvarnir

Arnheiður lagði fyrir minnisblað varðandi heilsueflandi forvarnir í tengslum við félagsstarf aldraðra. Verkefnið felur í sér að sjúkráþjálfari kemur í félagsstarfið tvisvar í mánuði og stýrir ýmisskonar æfingum.

Heildarkostnaður við verkefnið miðað við að þjónustan sé veitt bæði á Bíldudal og á Patreksfirði er um 100 þúsund krónur á mánuði.

**3. 1303085 - Könnun meðal eldri borgara í Vesturbyggð og
Tálknafjarðarhreppi**

Könnunin tekur til þátta sem varða þá þjónustu sem veitt er í dag og

væntingar um þjónustu.

4. 1303086 - Jafnréttiskönnun meðal starfsmanna Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps

Félagsmálastjóri kynnti hugmyndir um að jafnréttiskönnun verði send út til starfsmanna Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps.

5. 1303087 - Önnur mál

Rætt um skort á ljósmæðrum á svæðinu. Mikið öryggisleysi fylgir því að ekki eru starfandi ljósmæður á svæðinu, mikill kostnaður fellur á fjölskyldurnar og annað óhagræði hlýst af þessu fyrirkomulagi.

Arnheiður vék af fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .
